

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð um fasteignaskatt nr. 320  
19. desember 1972.

13. gr. orðist svo:

Leggja skal fasteignaskatt á þær fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati 1. janúar á gjaldárinu og skal skatturinn miðast við fasteignamatsverð eignarinnar á heim tíma. Þó skal heimilt að leggja skatt á fasteignir, sem rétt var að taka í fasteignamat í ársbyrjun, en láðst hefur af einhverjum ástæðum, enda hafi fasteignamat og álagning skattsins farið fram eigi síðar en 1. ágúst á gjaldárinu.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1980.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 392.

4. júlí 1980.

**GJALDSKRÁ**

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

**I. RAFORKA.**

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1.1 Um kWst.-mæli á kr. 158.42.

1.2 Um kWst.-mæli á kr. 66.45 á hverja kWst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 53.11 á ferm. á mánuði.
- b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 26.56 á ferm. á mánuði.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

2.1 Um kWst.-mæli kr. 39.10 á hverja kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 289.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol eldhús en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

**C. Vélanotkun.**

3.1 Um einn kWst.-mæli þannig: á kr. 108.34 á hverja kWst.

3.2 Kr. 32.94 hver kWst. enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveittunnar.

3.3 Kr. 42.92 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarafli fasttengdra véla er yfir 20 kW.